Nr. 21.
14.
desbr.

# Lög

um

skatt á ábúð og afnotum jarða og á lausafje.

---

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. grein.

Öll manntalsbókargjöld þau, sem nú eru, skulu af numin; en þau eru: skattur, gjaftollur, konungstíund, lögmannstollur og manntalsfiskur.

2. grein.

Af öllum jörðum, sem metnar eru til dýrleika, hvort heldur eru bændaeignir, eignir kirkna eða prestakalla, þjóðeignir, eignir fátækra eða stofnana, eða hverju nafni sem nefnast, skal sá, er á jörðunni býr eða hefir hana til afnota, greiða $^{2}/_{5}$ alnar á landsvísu af hundraði hverju.

3. grein.

Af hverju lausafjárhundraði, sem telja ber fram til tíundar, skal sá, er fram á að telja, greiða eina alin á landsvísu.

4. grein.

Skattur þessi rennur í landssjóð, og skal goldinn sýslumönnum og bæjarfógetum á manntalsþingum ár hvert; frá honum veitast engar undanþágur, hvorki tilteknum stjettum nje eignum.

5. grein.

Gjaldið skal greitt í peningum eptir meðalverði allra meðalverða í hvers árs verðlagsskrá. Bresti gjaldanda peninga, getur hann greitt gjaldið í innskript hjá kaupmönnum þeim, er hlutaðeigandi sýslumaður tekur gilda eða í landaurum þeim, er nú skal greina: sauðfjenaði, hvítri ull, smjöri, fiski og dún eptir því verði, sem sett er á aura þessa í verðlagsskrá ár hvert, enda sje það verð eigi hærra en gangverð á gjalddaga.

Nr. 21. Lög 14. desbr. um skatt á ábúð og afnotum jarða og á lausafje.
27. dag desbrm.

# Lov

Nr. 21.
14de
Decbr.

om

## Skat paa Brugen og Benyttelsen af Jordeiendom og paa Løsegodset.

---

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Alle de nuværende Mandtalsbogsafgifter, nemlig: Skat, Gjaftold, Kongetiende, Laugmandstold og Mandtalsfisk, ophæves.

§ 2.

Af alle skyldsatte Jordeiendomme, være sig Selveiergods, eller Eiendomme tilhørende Kirker, Præstekald, Landskassen, Fattigvæsenet eller Stiftelser, eller af hvilkensomhelst anden Slags, erlægger den, som har Eiendommen til Brug eller Benyttelse, $^{2}/_{5}$ Alen paa Landsvis for hvert Jordhundrede.

§ 3.

Af hvert tiendebart Løsegodshundrede erlægger den, som har at angive Godset til Tiende, 1 Alen paa Landsvis.

§ 4.

Denne Afgift, med Hensyn til hvis Erlæggelse der ingen Fritagelser finder Sted, hverken personlige eller reelle, tilfalder Landskassen og erlægges til Sysselmænd og Byfogder paa de aarlige Mandtalsthing.

§ 5.

Afgiften udredes i Penge efter den aarlige Kapitelstaxts Middelpris. I Mangel af Penge kan Afgiften erlægges med Indskrift hos de Handlende, som vedkommende Sysselmand anser for vederhæftige, eller med følgende Naturalier: Faar, hvid Uld, Smør, Fisk og Dun efter den i Kapitelstaxten paa hver enkelt af disse Vareforter fastsatte Pris, dog at denne ikke er høiere end deres Værdi i Handel og Vandel paa Forfaldstiden.

Nr. 21.
14. desbr.

6. grein.

Fyrir gjaldi þessu má gjöra fjárnám hjá gjaldanda samkvæmt opnu brjefi 2. apríl 1841, og hefir það í tvö ár frá gjalddaga forgöngurjett þann, sem skattgjöld til landssjóðs hafa samkvæmt lögum.

7. grein.

Gjald þetta skal krafið í fyrsta sinn á manntalsþingum árið 1879.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 14. dag desbrm. 1877.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*

§ 6.

Skatten kan inddrives ved Udpantning hos de Skattepligtige overensstemmende med Plakat af 2den April 1841 og nyder i to Aar fra Forfaldsdagen den samme Fortrinsret, som der ved Loven er tillagt Afgifter til Landskassen.

§ 7.

Denne Afgift opkræves første Gang paa Mandtalsthingene i Aaret 1879.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 14de December 1877.**

**Under Vor Kongelige Haand og Segl.**

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*